

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/574****2021/EES/78/05****frá 7. júní 2016****um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega
eftirlitsstaðla fyrir nákvæmnistig viðskiptaklukkna (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 50. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samstilling klukkna hefur bein áhrif á mörgum sviðum. Einkum stuðlar hún að því að tryggja að viðskiptaupplýsingar í þágu gagnsæis geti fyrirvaralaust orðið hluti af áreiðanlegum sameinuðum viðskiptaupplýsingum. Hún er einnig nauðsynleg til að vakta fyrirmæli þvert á vettvanga og greina tilvik um markaðssvik og gerir kleift að fá skýrari samamburð á milli viðskipta og markaðsaðstæðna sem ríkja á þeim tíma sem þau eru framkvæmd.
- 2) Fjöldi fyrirmæla sem viðskiptavettvangur móttækur á hverri sekúndu getur verið mjög mikill, miklu fleiri en viðskiptin sem eru framkvæmd. Þetta geta verið nokkur þúsund fyrirmæli á sekúndu, allt eftir viðskiptavettvangnum, tegund aðila eða þátttakenda eða viðskiptavina á tilteknum viðskiptavettvangi, og flökti og seljanleika fjármálagerningsins. Þar af leiðandi er einnar sekúndu tímanákvæmni ekki fullnægjandi með tilliti til virks eftirlits með markaðsmisnotkun í tilteknum tegundum af viðskiptastarfsemi. Þess vegna er nauðsynlegt að koma á lágmarkskröfum um nákvæmni fyrir skráningu rekstraraðila viðskiptavettvanga og aðila eða þátttakenda þeirra á dagsetningu og tíma tilkynningarskyldra atburða.
- 3) Lögbær yfirvöld þurfa að geta endurgert alla atburði sem varða fyrirmæli í nákvæmri tímaröð yfir líftíma hverra fyrirmæla. Lögbær yfirvöld þurfa að geta endurgert þessa atburði yfir marga viðskiptavettvanga á samstæðustigi til að geta sinnt skilvirkri vöktun markaðssvika þvert á vettvanga. Þess vegna er nauðsynlegt að koma á sameiginlegum viðmiðunartíma og -reglum um hámarksfrávik frá sameiginlega viðmiðunartímanum til að tryggja að allir rekstrar-aðilar viðskiptavettvanga og aðilar eða þátttakendur þeirra séu að skrásetja dagsetningu og tíma byggða á sömu tímaheimild og í samræmi við samræmda staðla. Einnig er nauðsynlegt að mæla fyrir um nákvæma tímastimplun til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að greina á milli ólíkra tilkynningarskyldra atburða sem annars geta virst hafa gerst á sama tíma.
- 4) Samt sem áður eru til viðskiptalíkon þar sem aukin nákvæmni á mögulega ekki við eða er ekki framkvæmanleg. Radddrifin viðskiptakerfi eða tilboðsdrifin viðskiptakerfi þar sem svörun krefst mannlegrar íhlutunar eða heimila ekki viðskipti með notkun algríms, eða kerfi sem notuð eru til að ljúka umsömdum viðskiptum ættu að falla undir aðra nákvæmnistaðla. Viðskiptavettvangar sem nota þessi viðskiptakerfi eru venjulega ekki næmir fyrir þeim mikla fjölda atburða sem geta gerst á sömu sekúndu, sem þýðir að ekki er nauðsynlegt að beita meiri nákvæmni við tímastimplun þessara atburða, þar sem minni líkur eru á að margir atburðir gerist á sama tíma. Þar að auki geta viðskipti á þessum viðskiptavettvöngum farið fram með því að nota handvirkar aðferðir sem tíma getur tekið að samþykkja. Á þessum viðskiptavettvöngum er einnig innbyggð seinkun milli tímupunktsins þegar viðskiptin eru framkvæmd og tímupunktsins þegar viðskiptin eru skráð í viðskiptakerfið, sem þýðir að beiting strangari nákvæmniskrafna mun ekki endilega leiða til merkingarfyllri og nákvæmari skráningar rekstraraðila viðskiptavettvangsins, aðila eða þátttakenda hans.
- 5) Lögbær yfirvöld þurfa að skilja hvernig viðskiptavettvangar og aðilar eða þátttakendur þeirra tryggja rekjanleika við samræmdan heimstíma (UTC). Þetta er vegna flækjustigs ólíkra kerfa og fjölda annarra aðferða sem hægt er að nota til að samstillja við samræmdan heimstíma. Að því gefnu að klukkurek getur orsakast af mörgum ólíkum þáttum er einnig viðeigandi að ákvarða ásætlanlegt stig hámarksfráviks frá samræmdum heimstíma.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 148. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(¹) Stjtfð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

- 6) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðanna, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem lögleiða tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 8) Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðmiðunartími

Rekstraraðilar viðskiptavettvanga og aðilar eða þátttakendur þeirra skulu samstillta viðskiptaklukkurnar sem þeir nota til að skrá dagsetningu og tíma hvers tilkynningarskylds atburðar við samræmdan heimstíma (UTC), sem birtur er og haldið við af tímamiðstöðvunum sem skráðar eru í nýjustu ársskýrslu Alþjóðastofnunarinnar um mál og vog (BIPM) um tímatengda starfsemi (e. *Annual Report on Time Activities*). Rekstraraðilum viðskiptavettvanga og aðilum eða þátttakendum þeirra er einnig heimilt að samstillta viðskiptaklukkurnar sem þeir nota til að skrá dagsetningu og tíma hvers tilkynningarskylds atburðar við samræmdan heimstíma sem miðlað er gegnum gervihnattakerfi, að því tilskildu að öll frávik frá samræmdum heimstíma séu leiðrétt og fjarlægð úr tímastimplinum.

2. gr.

Nákvæmnistig fyrir rekstraraðila viðskiptavettvanga

1. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu tryggja að viðskiptaklukkur sínar fylgi nákvæmnistiginu sem tilgreint er í töflu 1 í viðaukanum samkvæmt biðtíma frá gátt til gáttar (e. *gateway to gateway latency*) í hverju viðskiptakerfi sínu.

Biðtími frá gátt til gáttar skal vera tíminn sem mældur er frá þeim tímapunkti sem ytri gátt kerfis viðskiptavettvangs móttækur skilaboð sem send eru gegnum samskiptakerfið til framlagningar fyrir mæla, meðhöndluð af þörunarvélinni og svo send til baka, þar til staðfesting er send frá gáttinni.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu rekstraraðilar viðskiptavettvanga sem starfrækja raddrifið viðskiptakerfi, tilbósdrifið viðskiptakerfi þar sem svörun krefst mannlegrar íhlutunar eða sem býður ekki upp á algrímsviðskipti eða kerfi sem formgerir umsamin viðskipti í samræmi við b-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽²⁾ tryggja að viðskiptaklukkur sínar víki ekki meira en eina sekúndu frá samræmdum heimstíma sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar. Rekstraraðili viðskiptavettvangs skal tryggja að tímar séu skráðir með a.m.k. einnar sekúndu nákvæmni.

3. Rekstraraðilar viðskiptavettvanga sem starfrækja fleiri en eina tegund viðskiptakerfis skulu tryggja að hvert kerfi fylgi nákvæmnistiginu sem gildir um viðkomandi kerfi í samræmi við 1. og 2. mgr.

3. gr.

Nákvæmnistig fyrir aðila að eða þátttakendur í viðskiptavettvangi

1. Aðilar að eða þátttakendur í viðskiptavettvöngum skulu tryggja að viðskiptaklukkur sínar sem notaðar eru til að skrá tíma tilkynningarskyldra atburða fylgi nákvæmnistiginu sem tilgreint er í töflu 2 í viðaukanum.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjúd. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjúd. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

2. Aðilar að eða þátttakendur í viðskiptavettvöngum sem stunda fleiri en eina tegund af viðskiptum skulu tryggja að kerfið sem þeir nota til að skrá tilkynningarskylda atburði fylgi nákvæmnistiginu sem gildir um hverja slíka viðskiptastarfsemi í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í töflu 2 í viðaukanum.

4. gr.

Hlítni við kröfur um hámarksfrávik

Rekstraraðilar viðskiptavettvanga og aðilar eða þátttakendur þeirra skulu koma á kerfi rekjanleika við samræmdan heimstíma. Þeir skulu geta sýnt fram á rekjanleika við samræmdan heimstíma með því að skjalfesta hönnun, virkni og tæknilýsingu kerfisins. Þeir skulu geta tilgreint nákvæman tímapunkt þegar tímastimpli er beitt og sýnt fram á að tímapunkturinn innan kerfisins þegar tímastimplinum er beitt haldist samkvæmur. Þeir skulu annast endurskoðun á hlítni rekjanleikakerfisins við þessa reglugerð a.m.k. einu sinni á ári.

5. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Tafla 1

Nákvæmnistig fyrir rekstraraðila viðskiptavettvanga

Biðtími viðskiptakerfisins frá gátt til gáttar	Hámarksfrávik frá samræmdum heimstíma	Nákvæmnistig tímastimpils
> 1 millisekúnda	1 millisekúnda	1 millisekúnda eða betra
≤ 1 millisekúnda	100 míkrósekúndur	1 míkrósekúnda eða betra

Tafla 2

Nákvæmnistig fyrir aðila að eða þátttakendur í viðskiptavettvangi

Tegund viðskiptastarfsemi	Lýsing	Hámarksfrávik frá samræmdum heimstíma	Nákvæmnistig tímastimpils
Starfsemi þar sem notuð er hátíðni viðskiptatækni með notkun algríms	Hátíðni viðskiptatækni með notkun algríms	100 míkrósekúndur	1 míkrósekúnda eða betra
Starfsemi í raddrífnum viðskiptakerfi	Raddrífni viðskiptakerfi eins og þau eru skilgreind í 5. mgr. 5. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾	1 sekúnda	1 sekúnda eða betra
Starfsemi í tilboðsdrifnum viðskiptakerfum þar sem svörun krefst mannlegrar íhlutunar eða þar sem kerfið býður ekki upp á algrímsviðskipti	Tilboðsdrifni viðskiptakerfi eins og þau eru skilgreind í 4. mgr. 5. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583	1 sekúnda	1 sekúnda eða betra
Starfsemi við að ljúka umsömdum viðskiptum	Umsamin viðskipti eins og þau eru sett fram í b-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014	1 sekúnda	1 sekúnda eða betra
Sérhver önnur viðskiptastarfsemi	Öll önnur viðskipti sem þessi tafla nær ekki yfir.	1 millisekúnda	1 millisekúnda eða betra

(¹) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálageninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki er varðar skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 229).